

Dagskrá

66. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs mánudaginn 27. september 2010 kl. 16:30 í húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Hamraborg 1.

1. Fjárhagsáætlun — endurskoðun fjárhagsáætlunar 2010 og fjárhagsáætlun næsta árs.
2. Öskjukaup.
3. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins. Rýmisáætlun kynnt.
4. Starfsmannamál.
5. Ársrit Héraðsskjalasafns Kópavogs 2008-2009.
6. Örnefnaskrá Guðlaugs R. Guðmundssonar yfir Kópavog.
7. Fundur héraðsskjalavarða með Þjóðskjalasafnsmönnum.
8. Ljósmyndir — málaleitan áhugamanna um samstarf.
9. Önnur mál.

Fundur settur kl. 16:30. Viðstaddir voru Pétur Hrafn Sigurðsson, Helga Margrét Reinhardsdóttir og Sveinbjörn Strandberg, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Héraðsskjalavörður dreifði yfirliti yfir stöðuna eins og hún er á yfirstandandi ári. Farið var yfir þá liði sem eru komnir í mínus og ástæður skýrðar. Safnið hefur verið rekið með afgangi undanfarin ár án þess að fá fyrir það umbun, og rekstarafgangur er ekki færður á milli ára safninu til góða. Fjárhagsáætlun næsta árs var einnig rædd, fyrirsjáanlegar hækkanir og verkefni. Héraðsskjalaverði var falið að leggja drög að fjárhagsáætlun næsta árs fyrir næsta fund, ekki síst m.t.t. fyrirsjáanlegs flutnings.
2. Héraðsskjalavörður fór yfir öskjumálin, hvernig síðustu pöntun var háttað, hvaða stærðir o.s.frv. Lagði fram tillögu um að leitað yrði samstarfs við önnur héraðsskjalasöfn til að fá hagstæðara verð. Bent var á að öskjurnar eru notaðar ekki bara á héraðsskjalasafninu heldur líka í öðrum stofnunum bæjarins við vörslu skjala. Stjórn samþykkti að öskjukaup fari inn á fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Rýmisáætlun Héraðsskjalasafnsins unnin af Gunnari Óskarssyni arkitekt var lögð fram og kynnt. Farið yfir kostnað við núverandi húsnæði. Rætt um ný húsakynni fyrir Héraðsskjalasafnið og samþykkt að skoða möguleikann á að nota Hringshúsið (gamla hélið).
4. Sé rými fyrir því á fjárhagsáætlun að Gunnar Marel Hinriksson verði ráðinn í hálf starf frá 1. október til áramóta er stjórn því samþykk.
5. Farið var yfir stöðuna á Ársritinu. Líklegt er að ritið komi ekki út fyrr en á næsta ári. Samþykkt að útgáfu Ársritsins verði haldið áfram eins og verið hefur.
6. Guðlaugur hyggst sækja um styrk til útgáfunnar í Lista- og menningarráð og vill aðstoð og aðkomu Héraðsskjalasafnsins við myndaöflun, ritstjórn og umbrot. Stjórn er verkefninu hlynnt og vill að því verði unnið þar sem um er að ræða menningarverðmæti sem annars gætu glatast.
7. Héraðsskjalavörður sagði frá fundi Þjóðskjalasafns og Héraðsskjalasafnanna á Höfn í Hornafirði 22.-23. september sl. Einnig sagði héraðsskjalavörður frá fyrirhugaðri ferð hans og héraðsskjalaverði Árnesinga og Borgarskjalaverði til Danmerkur til að fræðast um rafræna skjalavörslu í þarlandum sveitarfélögum.
8. Gunnar Svavarsson og Herbert Guðmundsson komu að máli við héraðsskjalavörð um aðstöðu til söfnunar ljósmynda til birtingar á netinu. Hugmyndin er góðra gjalda verð en ekki er raunhæft í núverandi húsnæði að koma verkefninu fyrir.
9. Önnur mál. Rætt um fundarmannagátt og rafrænar fundargerðir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:50.

Pétur Hrafn Sigurðsson (sign)

Helga M. Reinhardsdóttir (sign)

Sveinbjörn Strandberg (sign)